

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Fjallalind 108. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 23. júní 2025 með vísan til 3. tfl. 3. gr. í viðauka við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Lindahverfis, sunnan Fífuhammsvegar fyrir lóðina nr. 108 við Fjallalind.

Í breytingunni felst heimild fyrir bílskýli, 37,7 m<sup>2</sup> að flatarmáli, á norðausturhluta lóðarinnar ásamt steypum skjólvegg á eystri lóðarmörkum frá suðausturhorni bílskýlis að nyrðri mörkum lóðarinnar. Einnig er heimilað að svalir stækki um tvo metra í suðvesturátt og 0,8 metra í norðvesturátt. Þá verður jafnframt heimilt að nýta óútgrafið rými á jarðhæð, að hámarki 42 m<sup>2</sup> að flatarmáli og koma fyrir tveimur gluggum á því rými á suðvesturhlíð hússins. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 8. maí 2026.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. maí 2026